

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Stefnis hf. vegna ársins 2018 var haldinn 18. mars 2019 í húsakynnum Arion banka hf. að Borgartúni 19, Reykjavík.

Fundurinn hófst kl 12.00.

I. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, setti aðalfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Guðmundur Thorlacius Ragnarsson hdl. yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

II. Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur

Guðmundur tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristín Ágústsdóttir yrði kjörin fundarritari og var það samþykkt. Fundarritari tók þá þegar til við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og tiltók að til fundarins hefði verið boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 7. gr. samþykktu félagsins. Það sem mætt var af hálfu beggja hluthafa félagsins, lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

III. Dagskrá fundarins

Fundarstjóri lagði því næst til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreikning fyrir s.l. starfsár, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu framkvæmdastjóra félagsins. Enginn hreyfði við andmælum og var því tillagan samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Hrund Rudolfsdóttir, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár. HR fór yfir afkomu, innri mál og framtíðarhorfur í rekstri félagsins. Þá gerði hún grein fyrir stefnu stjórnar í starfskjaramálum auk þess sem hún gerði grein fyrir meginatriðum kaupaukakerfis félagsins.

2. Staðfesting ársreiknings

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri félagsins, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár.

Að lokinni umræðu bar fundarstjóri ársreikning Stefnis upp til samþykktar og var hann staðfestur samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn. Gerð var tillaga um arðgreiðslu að fjárhæð 1.070 milljónir króna, en að mismunur arðgreiðslu og hagnaðar gangi til lækkunar á eigin fé félagsins.

Fulltrúa hluthafa var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna síðan undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóma.

1/3
STP
KA

4. Breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir að engar breytingartillögur hefðu verið lagðar fram. Fundarstjóri gaf fulltrúum hluthafa tækifæri til að tjá sig en enginn óskaði eftir að taka til máls.

5. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum félagsins bæri að kjósa stjórn á aðalfundi. Í fundargögnunum væri að finna nöfn þeirra einstaklinga sem hefðu boðið sig fram til setu í stjórn félagsins.

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í aðalstjórn félagsins:

Hrund Rudolfsdóttir, kt. 250369-2989

Flóki Halldórsson, kt. 291273-4329

Kristján Jóhannsson, kt. 040151-7619

Ragnhildur Sophusdóttir, kt. 260876-6009

Þórður Sverrisson, kt. 240452-3169

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í varastjórn félagsins:

Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230568-5379

Þórhallur Örn Guðlaugsson, kt. 100962-3659

Samkvæmt þessu var sjálfkjörið í stjórn og lýsti fundarstjóri kjöri framangreindra aðila til stjórnar og varastjórnar.

6. Kosning endurskoðanda félagsins

Fundarstjóri tók fram að samþykktir félagsins gerðu ráð fyrir því að aðalfundur kysi ytri endurskoðanda félagsins. Í samræmi við 2. mgr. 90. gr. laga um fjármála fyrirtæki var endurskoðunarskrifstofan Deloitte kosin endurskoðandi félagsins á aðalfundi árið 2014, til fimm ára þar sem þeir Páll Grétar Steingrímsson og Pétur Hansson þjónusta félagið. Fundarstjóri sagði því að ekki kæmi til kosningar endurskoðanda að þessu sinni.

7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri bar upp tillögu að starfskjarastefnu, þess efnis að starfskjarastefna fyrri árs yrði samþykkt óbreytt. Stefnan var á meðal fundargagna.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúa hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til samþykktar. Var tillaga stjórnar að starfskjarastefnu samþykkt.

8. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Því næst bar fundarstjóri upp eftirfarandi tillögu um laun stjórnarmanna og varamanna í stjórn:

Lagt er til að almennir stjórnarmenn fái greiddar 299.250 kr. á mánuði fyrir störf sín og að stjórnarformaður fái greidda tvöfalda þá fjárhæð. Varastjórnarmenn fái greiddar 52.500 kr. fyrir hvern setinn fund í forföllum aðalmanns.

Einnig er lagt til að fyrir störf nefndarmanna í endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd greiðist kr. 99.750 þús. kr. á mánuði.

Fundarstjóri gaf fulltrúa hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Ekki var óskað eftir því og var því gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt samhljóma.

9. Tilhögun á samningsgerð við stjórnarmenn um váttryggingarvernd og aðgengi að upplýsingum

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að ganga til samningsgerðar við nýja stjórnarmenn vegna váttryggingaverndar stjórnarmanna og aðgang þeirra að gögnum félagsins. Fundarstjóri lagði til að framkvæmdastjóra félagsins yrði falið að ganga frá samningsgerð samkvæmt framlögðum samningsdrögum gagnvart hverjum og einum stjórnarmanni félagsins.

Fundarstjóri gaf fulltrúa hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Ekki var óskað eftir því og var því gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt einróma.

10. Önnur mál löglega borin fram

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka tók þá til máls. Hann þakkaði fyrir gott og árangursríkt ár og þakkaði starfsmönnum og stjórn félagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Höskuldur beindi orðum sínum að fráfarandi framkvæmdastjóra, Flóka, og þakkaði honum sérstaklega fyrir árangursríkt starf. Einnig óskaði hann nýjum framkvæmdarstjóra, Jökli, til hamingju með starfið.

Flóki Halldórsson kom með lokaorð og þakkir.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri aðalfundi Stefnis hf. árið 2019 slitið kl. 12:33

Reykjavík, 18. mars 2019


Guðmundur Thorlacius Ragnarsson

fundarstjóri


Kristín Agústsdóttir

fundarritari